

Þýska undrið, auðvaldið og Adolf Hitler. 12: Löggjöf um sannleiksgildi helfarar og útrýmingarbúða

Sagan um Helför Gyðinga eða útrýmingu er brennd í vitundina og kennd í skólum Vesturveldanna, jafnvel þótt merking hugtaksins, helfarar, sé á reiki eins og áður er drepið á.

T.d. sagði Shimon Peres (1923-2016), forsætisráðherra Ísraels, að hann hefði óttast „helför“ (holocaust)“ þegar ísraelskri flugvél var rænt og lent í Entebbe 1976 í Úganda. Það voru rúmlega eitt hundrað Ísraelsmenn um borð.

En við skyldum ekki efast um sannleiksgildi arfsagnarinnar, segir Timothy Ryback í Wall Street Journal 2004.

„Vitaskuld eru yfirþyrmandi sögulegar sannanir og sannanir byggðar á líkum, um þær fyrirætlanir nasista að útrýma þjóð Gyðinga í Evrópu. Það eru girðingarhólf með vaktturnum og umtalsverður vitnisburður Herfararaflifenda, svo og réttarskýrslur stríðsglæpamanna nasista.

En það er fáum beinum sönnunum til að dreifa, sem upplýsa um morðáætlanir. Nasistar létu einskis ófreistað til að draga dul á „Lokalausnina“ [Endlösung], duldu hana í skrauthvörfum skrifræðisins. Þeir tóku einnig niður og afmáðu drápsbúnaðinn. Skortur áþreifanlega sannanna hefur orðið gróðrarstía Helfararafneitunariðnaðar.“

Réttarhöld Bandamanna í Nürnberg voru tvíþætt; annars vegar voru einstaklingar úr þýska hernum sóttir til saka og hins vegar fyrirtæki. Þýsk fyrirtæki voru sett á sakabekkin eins og; Krupp, I.G. Farben og Flick.

Þýsku iðjuhöldarnir höfðu greitt lausnarfé til að losa Adolf Hitler úr fangelsi, þegar hann var fangelsaður fyrir undirróður snemma á fjórða áratugi síðustu aldar. Við réttarhöldin héldu Bandaríkjamenn sömuleiðis hlífiskildi yfir þýskum auðjöfrum og fyrirtækjum. Þó voru nokkrir auðkýfinganna dæmdir til skemmri fangelsisvistar, en leystir úr haldi af Bandaríkjamönnum.

Þessir og fleiri drápstólaframleiðendur voru kallaðir, „Kaupahéðnar dauðans“ í bók Helmuth Carol Engelbrecht (1895-1939) og Frank Cleary Hanighen (1899-1964), sem kom út í Bandaríkjunum 1937. Þá gat Bandaríkjamönnum verið ljóst, að þeim hafði verið att út í fyrstu heimstyrjöldina af samtökum hergagnaframleiðenda og bankamanna. Þar voru Gyðingar í fararbroddi.

Eins og áður er bent á sökuðu áróðursmenn Gyðinga í Rússlandi yfirvöld um útrýmingu sex milljóna Gyðinga upp úr aldamótunum 1900, þegar skærur byltingarmanna gegn þeim stóðu sem hæst. Þessi tala bólgnaði ýmist eða rénaði í áranna rás. Fjöldi Gyðinga tók þátt í uppreisnum og óeirðum í Rússlandi, síðar í andspyrnuhreyfingunni í Frakklandi.

Þegar Rússar frelsuðu fanga úr búðum Þjóðverja, gáfu þeir hryllilegar lýsingar á ástandi þeirra og starfsemi búðanna, sem Rauði krossinn hafði látið undir höfuð leggjast að greina frá – mætti ætla. Þá varð til hugtakið „útrýmingarbúðir“ og talan sex milljónir komst aftur á kreik fyrir atbeina rússneskra yfirvalda.

Gyðingafjölmíðlar í Bandaríkjunum gripu þessa tölu á lofti og smám saman fylgdu evrópskir fjölmíðlar í kjölfarið. Reyndar höfðu þeir einnig endurómað fyrri talnaleiki ofsóttra trúsystra í rússneska keisaradæminu.

Þrátt fyrir að pólsk rannsóknarnefnd hafi síðar reynt að skoða málið hlutlægt og komist að því, að trúlega hafi um 1.2 milljónir Gyðinga látist í búðum Þjóðverja, eru milljónirnar sex heilagur sannleikur á mörgum vígstöðvum. En þó sitja Ísraeler ekki lengur við sex milljóna keipinn. Samkvæmt Jerusalem Post, drápu nasistar þrjár milljónir Gyðinga og tæpar tvær „ekki-Gyðinga.“

„Sannleikurinn“ um sex milljóna helför Gyðinga er sums staðar bundinn í lög. T.d. var breski sagnfræðingurinn, David Irving, dæmdur fyrir útrýmingarafneitun (holocaust denial) í Austurríki, þegar hann efaðist um vísindalegt sannleiksgildis talnaleiksins. David hefur reyndar einnig fjarlægt geislabaug stríðsóvitans, Winston Churchill, í bók sinni, „Stríð Churchills (Churchills War).“

Bandaríski rithöfundurinn, Christoffer .J. Hopkins, hefur sætt svipuðum ákúrum og ákærum og David. Dómstólar í Þýskalandi dæma hann fyrir svipaðar sakir. Þar er tákn þjóðernisjafnaðarmanna (Zwastika) eða hakakrossinn, í brennidepli. Hann hefur borið saman áróður á líðandi stundu við áróður Þriðja ríkisins. Enda er hann sakaður um hatursorðræðu.

Í Lithaugalandi, Úkraínu og Lettlandi, er svipaða löggjöf að finna. Í Póllandi er bannað með lögum að bendla Pólverja við „Holocaust.“ Pólsku sagnfræðingarnir, Jan Grabowski og Barbara Engelking, eru nú saksóttir fyrir þær sakir. Rök hafa verið færð að því, að Pólverjar hafi drepið fleiri Gyðinga en Þjóðverjar í landinu. Þar fóru morðin fram að mestu leyti. Bók þeirra heitir: „Nóttin, sem engan enda tók: Örlög Gyðinga í

ákveðnum sýslum í hernumdu Póllandi“ (Dalej Jesst Noc. Losy Zydów w Wybranych Powiatach Okupowanej Polski).

Pólverjinn, Menachem Begin (1913-1992), fjöldamorðingi og forsætisráðherra Ísraels, gerði líka Gyðingahatur Pólverja að umtalsefni: „Pólverjar höfðu andúð á Gyðingum og þeir voru verri en Þjóðverjar.“

Samkvæmt rannsóknum Jan Grabowski, kynnu orð Begin að hafa við rök að styðjast. „Bláa lögreglan,“ þ.e. pólsk lögregluhersveit undir hernámi Þjóðverja, gerði sig seka um margvíslegar ódádír gagnvart Gyðingum. Hinn kjaftfori sagnfræðingur er eðlilega fallinn í ónáð. Honum er hótað málsókn og atvinnumissi.

Pólsk-bandaríski sagnfræðingurinn, Tomasz Gross, sem skrifaði bókina, „Nágrannar: Eyðilegging samfélags Gyðinga í Jedwabne, Póllandi“ (Neighbors: The Destruction of the Jewish Community in Jedwabne, Poland), sætir nú rannsóknum.

Annar sagnfræðingur, Tom Segey, hefur skrifað bókina: „Sjöunda milljónin. Ísraelsmenn og Helförin“ (The Seventh Million. The Israelis and The Holocaust).“ Þar bendir hann m.a. á, hvernig sagan er aðlöguð hugmyndafræðilegum þörfum Ísraelsríkis. Hann tiltekur sem dæmi rán og yfirheyrslur yfir Adolf Eichmann, Exodus-málið, þ.e. þegar Bretar sneru skipi með fjölda Gyðinga úr fangbúðum Þjóðverja til Þýskalands, og réttarhöldin yfir Bandaríkjamanninum, John Demjanjuk (1920-2012).

Ísraelska leyniþjónustan staðhæfði að John væri Ívan grimmi, þ.e. Úkraínumaðurinn, Ivan Mykolaiovych. Hann var sakaður um að hafa kynt gasklefana og höggvið fanga í spað með sverði. Dauðadómi hans í Ísrael var umsnúið, þar eð vitnin þóttu ekki nógu trúverðug. Hann var síðar dæmdur til fimm ára fangelsisvistar í Þýskalandi.

Í þessu sambandi má geta bókar Evu Schweitzer, frá árinu 2004, sem óbeint snertir efnið. Bókin heitir, „Bandaríkin og Helförin (Amerika und der Holocaust), þar sem höfundur lýsir því m.a., hvernig bandarískir athafnamenn og iðnjöfrar gáfu innspýtingu í þýskan iðnað og nýttu sér vinnuafli Gyðinga í fangabúðunum.

Eva fjallar einnig um andgyðingleg viðhorf bæði Breta og Bandaríkjamanna, sem komu í veg fyrir dvalarleyfi Gyðinga í ríkjum þeirra. Hún heldur því fram, að Leyniþjónusta Bandaríkjamanna hafi vitað um ódæði „Aðgerðasveita“ nasista (Einsatzgruppen) 1941 og einnig fangabúðirnar, sem hún kallar útrýmingarbúðir.

Ennfremur heldur Eva því fram, að Bandaríska leyniþjónustan hafi átt samstarf við þýska stríðsglæpamenn við að koma undan þýfi, bæði frá Gyðingum og öðrum þjóðum.

<https://rarehistoricalphotos.com/hitler-reacts-kiss-woman-1936/>